

Góðvinir Háskólans á Akureyri – Samþykktir

1. gr. Samtökin heita *Góðvinir Háskólans á Akureyri*

2. gr. Markmið Góðvina Háskólans á Akureyri er annars vegar að auka tengsl skólans við fyrrum nemendur sína og aðra þá sem bera hag skólans fyrir brjósti, hins vegar að styrkja og efla Háskólann á Akureyri eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Skal þess gætt að félagsmenn hafi greiðan aðgang að starfsemi og þjónustu skólans og að tekjum samtakanna sé ráðstafað til uppbyggingar lærdóms og rannsókna við Háskólann á Akureyri.

3. gr. Félagar í Góðvinum Háskólans á Akureyri teljast þeir sem greiða árgjöld samtakanna; einstaklingar og fyrirtæki. Námsmenn Háskólans á Akureyri eru undanþegnir félagsgjaldi. Greiðsla félagsgjalds þeirra hefst þegar tvö almanaksár eru liðin frá námslokum.

4. gr. Aðalfundur Góðvina skal haldinn eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) skýrsla stjórnar
- b) reikningar samtakanna
- c) kosning stjórnar, sbr. 5. gr.
- d) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- e) kosning fulltrúaráðs, sbr. 8. gr.
- f) lagabreytingar
- g) ákvörðun árgjalds
- h) önnur mál

5. gr. Stjórn Góðvina skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir á aðalfundi og þar af skal einn vera formaður sem kosinn skal sérstaklega til eins árs í senn og að auki skulu kosnir þrír varamenn. Háskólaráð kýs einn fulltrúa í stjórn og einn til vara og Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri (FSHA) kýs einn í stjórn og einn til vara. Kjör fulltrúa Háskólaráðs og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri skal hafa farið fram fyrir aðalfund. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna en formanns er tvö ár. Varamenn skulu kjörnir til eins árs.

Stjórnin skiptir með sér verkum þannig að einn er varaformaður, einn er ritari, einn gjaldkeri og einn meðstjórnandi.

Stjórnin getur ráðið sér framkvæmdastjóra.

6. gr. Ef kjör fulltrúa Háskólaráðs og/eða fulltrúa Félags stúdenta í stjórn samtakanna liggur ekki fyrir á aðalfundi skal aðalfundur kjósa þá fulltrúa.

7. gr. Í verkahring stjórnar er m.a. að:

- a) Gera árlega áætlun um hvaða hætti í starfsemi Háskólans á Akureyri Góðvinir styðji, að fengnum tillögum fulltrúaráðs.
- b) Halda aðalfund.
- c) Varðveita félagaskrá samtakanna og skrá yfir alla útskrifaða kandiðata frá Háskólanum á Akureyri.
- d) Senda fréttabréf Góðvina til félagsmanna og allra útskrifaðra kandiðata.
- e) Innheimta og ráðstafa árgjöldum og öðrum fjárframlögum.
- f) Gera félagsmönnum kleift að fylgjast með og eiga hlutdeild í fjölpætri starfsemi háskólasamfélagsins t.d. með því að gangast fyrir fræðslufundum og kynningum.
- g) Annað sem fellur að markmiðum félagsins.

8. gr. Í samtökunum skal vera fulltrúaráð skipað stjórn og varastjórn og tíu fulltrúum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Fulltrúaráðið skal vera stjórn til ráðgjafar um með hvaða hætti samtökin skuli styðja við Háskólann á Akureyri og koma saman til fundar minnst einu sinni á ári. Fulltrúaráðið fer með æðsta vald í málefnum samtakanna á milli aðalfunda.

9. gr. Heimilt er að stofna sérstakar deildir innan samtakanna í tengslum við starfseiningar Háskólans á Akureyri. Stjórn Góðvina Háskólans á Akureyri setur slíkum deildum sérstakar starfsreglur.

10. gr. Tekjur Góðvina eru félagsgjöld, söluhagnaður, frjáls framlög og arður. Fjárframlög til Góðvina má merkja ákveðinni starfsemi í Háskólanum á Akureyri, s.s. rannsóknarstofnunum, tækjakaupum eða sjóðum, nýjum og gömlum. Óskilyrtum fjárframlögum ráðstafar stjórn samtakanna í samræmi við markmið þeirra.

11. gr. Samþykktum þessum er einungis hægt að breyta á aðalfundi samtakanna og skal þeirra getið í fundarboði. Breytingar á samþykktum þurfa að hljóta stuðning a.m.k. 2/3 fundarmanna til að ná fram að ganga.

Ávæði til bráðabirgða:

Á stofnfundi samtakanna skal kjósa formann, einn stjórnarmann til eins árs og einn til tveggja ára. Þá skal og kjósa þrjá varamenn til eins árs. Fyrir stofnfund skal Háskólaráð kjósa einn stjórnarmann til tveggja ára og varamann til eins árs. Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri skal fyrir stofnfund kjósa einn stjórnarmann til eins árs og varamann til eins árs.